



ÍSLANDSSJÓÐIR



Árshlutareikningur

30. júní 2014

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
kt. 690694-2719

Efnisyfirlit

A-hluti

Árshlutareikningur Íslandssjóða hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	5
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Yfirlit um sjóðstreymi	11
Skýringar	12

B-hluti

Árshlutareikningur verðbréfasjóða

Rekstrarreikningur	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	21
Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða	22
Skýringar	31

Árshlutareikningur fjárfestingarsjóða

Rekstrarreikningur	47
Efnahagsreikningur	48
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	49
Sérgreind sundurliðun fjárfestingarsjóða	50
Skýringar	55

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um hlutafélög nr. 2/1995, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og hluti af samstæðu hans.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur árshlutareikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem voru í rekstri félagsins. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í lok júní 2014 voru 16 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 109.759 milljónum króna. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að fjárhæð 92.010 milljónir króna og fjórir fjárfestingarsjóðir með hreina eign að fjárhæð 17.749 milljónir króna.

Hagnaður af rekstri félagsins fyrstu sex mánuði ársins nam 25 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi í lok júní nam eigið fé félagsins 1.832 milljónum króna. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 209,6% en lögbundið lágmark er 8%.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var í apríl 2014 var ákveðið að greiða út arð til hluthafa sem nam 75% af hagnaði ársins 2013 eða 224 milljónum króna.

Á fyrri hluta ársins störfuðu 18 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur fyrstu sex mánuði ársins 140 milljónum króna.

Ávöxtun á verðbréfamörkuðum var slök á fyrri helmingi ársins og er það fyrst og fremst afleiðing af óvissu í efnahagsumhverfi og rekstrarumhverfi hér á landi. Meðal óvissuþátta má nefna óvissu vegna afnáms gjaldeyrishafta og áhrif þeirra á gengi krónunnar og verðbólgu, óvissu um stöðu Íbúðalánasjóðs, gildi verðtryggingar og óvissu vegna kjarasamninga. Þá var mikið framboð af nýjum fjárfestingakostum. Úrvalsvisitala Kauphallarinnar í hlutabréfum (OMX16ISK) lækkaði um 9,81% á tímabilinu en heildarvisitalan með arði (OMX1GI) lækkaði um 2,39%.

Í ársbyrjun 2014 tók fagfjárfestingsjóðurinn Akur fjárfestingar til starfa en tilkynnt var um stofnun sjóðsins á seinni helmingi 2013. Sjóðurinn er í rekstri Íslandssjóða og hefur fjárfestingagetu uppá 7,3 milljarða króna. Hann telst til framtakssjóða og fjárfestir því einkum í óskráðum hlutabréfum.

Í maí var tilkynnt að Íslandssjóðir ynnu að stofnun fagfjárfestingsjóðs sem mun einbeita sér að fjárfestingum í frumkvöðlafyrirtækjum. Undirbúningur sjóðsins gengur vel og er nú unnið að fjármögnun hans.

Slitastjórn Byrs sparissjóðs hefur höfðað mál gegn Íslandssjóðum og fleiri aðilum til riftunar á viðskiptum með skuldabréf útgefnum af Byr sparissjóði að fjárhæð 162 milljónir króna í ársbyrjun 2009 sem voru í eigu Sjóðs 1, sbr. skýringu 12 í árshlutareikningi verðbréfasjóða á bls. 44. Þá hefur Klakki ehf. (áður Exista hf.) höfðað mál gegn Íslandssjóðum vegna meintrar ofgreiðslu til Sjóðs 9 í október 2008 að fjárhæð um 2 ma. króna auk dráttarvaxta, sbr. skýringu 17 í árshlutareikningi félagsins á bls. 16.


Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða, lög um fjármálafyrirtæki og ákvæði laga um ársreikninga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar og framkvæmdastjóra glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins fyrstu sex mánuði ársins 2014.

Skýrsla stjórnar

Reykjavík, 14. ágúst 2014

Í stjórn:



Steinunn Bjarnadóttir, formaður



Bolli Héðinsson



Erna Eiríksdóttir



Kristján Björgvinsson

Framkvæmdastjóri:



Haraldur Örn Ólafsson

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Íslandssjóða hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Árslutareikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fyrir fjárfestingarsjóði.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á tímabilinu, efnahag félagsins og sjóðanna 30. júní 2014 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Kópavogur, 14. ágúst 2014

Deloitte ehf.


Páll Grétar Steingrímsson
endurskoðandi


Pétur Hásson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar - júní 2014

Rekstrartekjur	Skýr.	2014	2013
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Umsýslubóknun	2	642	581
Fjármunatekjur		49	47
Gengismunur	2	(84)	36
Rekstrartekjur samtals		607	664
Fjármagnsgjöld		(4)	(2)
Hreinar rekstrartekjur samtals		603	662
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	183	150
Þjónustugjöld til Íslandsbanka hf.	4	378	321
Annar rekstrarkostnaður		11	8
Rekstrargjöld samtals		572	479
Hagnaður fyrir tekjuskatt		31	183
Tekjuskattur	5	(6)	(37)
Hagnaður tímabilsins		25	146

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

Eignir	Skýr.	30.6.2014	31.12.2013
Fjárfestingar			
Verðbréf með föstum tekjum	2,7	750	760
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,8	909	953
Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum	2,9	166	161
Fjárfestingar samtals		1.825	1.874
Kröfur			
Kröfur á tengd félög	10	162	124
Aðrar kröfur		1	1
Kröfur samtals		163	125
Aðrar eignir			
Handhafabréfs- og handveðsreikningar	6,10	121	142
Bankainnstæður	10	304	454
Tekjuskattsinneign	14	1	0
Aðrar eignir samtals		426	596
Eignir samtals		2.414	2.595
Eigið fé			
Hlutfé		25	25
Lögbundinn varasjóður		6	6
Óráðstafað eigið fé		1.801	2.000
Eigið fé samtals	12	1.832	2.031
Skuldir			
Skuldir við tengd félög	10	245	245
Reiknaðir skattar	2,5	84	77
Handhafabréfs- og handveðsreikningar	6	121	142
Aðrar skuldir	11	132	100
Skuldir samtals		582	564
Eigið fé og skuldir samtals		2.414	2.595

Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2014

	Skýr.	2014 1.1.-30.6.	2013 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		25	146
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengisbreyting verðbréfa		84	(36)
Breyting tekjuskattsinnægnar		(1)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		108	110
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(20)	(295)
Handbært fé (til rekstrar)/ frá rekstri		88	(185)
Fjárfestingarhreyfingar			
Keypt verðbréf umfram seld		(35)	(46)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	12	(224)	(193)
Lækkun handbærs fjár		(171)	(424)
Handbært fé í ársbyrjun		596	1.107
Handbært fé í lok tímabils		425	683

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og er árshlutareikningur félagsins hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýsluþóknunir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða auk fagfjárfestasjóðs Íslandssjóða. Einnig fær félagið umsýsluþóknun fyrir FAST-1 slhf. og Akur fjárfestingar slhf. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær hlutfallslega þóknun af eignasöfnum í stýringu. Að auki fær félagið árangurstengda þóknun fari árangur ákveðinna sjóða eða eignasafna umfram skilgreind viðmið.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikning þegar krafa um hann myndast.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og árshlutareikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir í lok tímabilsins. Stök verðbréf eru metin á markaðsvirði í lok tímabilsins.

3. Laun og launatengd gjöld

	1.1.-30.6. 2014	1.1.-30.6. 2013
Laun	140	114
Launatengd gjöld	43	36
	183	150
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu	18,0	17,0

Undir laun og launatengd gjöld falla laun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og annarra nefnda á vegum félagsins.

4. Þjónustugjöld og innri kostnaður

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamning við Íslandsbanka þar sem bankinn tekur að sér sölu og ráðgjöf hlutdeildarskírteina, markaðssetningu, regluvörslu og innri endurskoðun, auk þess að sjá um bókhald, dagleg gengisuppgjör og veita lögfræðipjónustu. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum. Samningurinn var endurnýjaður í árslok 2013 sem leiddi af sér hækkun á fastri þóknun vegna innri kostnaðar félagsins. Samtals greiddu Íslandssjóðir Íslandsbanka 378 milljónir króna fyrir þjónustu og annan rekstrarkostnað á fyrstu sex mánuðum ársins 2014.

Íslandssjóðir hafa einnig gert samstarfssamning við Virðingu hf. (áður Auður Capital), Arctica Finance og Eignastýringu fagfjárfesta hjá Arion banka um sölu hlutdeildarskírteina og við Kelduna um upplýsingagjöf á sjóðabrettinu www.keldan.is.

5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 6 milljónum króna.

	1.1.-30.6.2014		1.1.-30.6.2013	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	31		183	
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	6	20%	37	20%

6. Handhafabréfs- og handveðsreikningar

Handhafabréfs- og handveðsreikningar eru tilkomnir vegna innlausnar hlutdeildarskírteina úr verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða sem eru í slitameðferð. Þessar fjárhæðir hafa ekki verið greiddar út vegna þess að eigendur höfðu veðsett hlutdeildarskírteinin eða eru ekki þekktir. Sama fjárhæð er því færð til eignar og skuldar í efnahagsreikningi Íslandssjóða.

7. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	30.6.2014	31.12.2013
Ríkisbréf	365	346
Íbúðabréf	298	322
Verðtryggð ríkisbréf	67	72
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	20	20
	750	760

8. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:	30.06.2014	31.12.2013
IS Hlutabréfasjóðurinn	221	228
Veltusafn	125	122
Eignasafn	90	91
Vanguard U.S. Ultra-Short-Term Bond Fund	83	165
Ríkissafn	77	77
Skuldabréfasafn Íslandssjóða	70	70
Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	64	64
Eignasafn - Ríki og sjóðir	45	45
Úrvalsvísitala - Sjóður 6	44	48
Vanguard Global Stock Index Fund	43	0
Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7	33	34
Sjóður 1A og 11A - slitasjóðir	3	3
	898	947
Hlutabréf greinast þannig:		
HB Grandi hf.	6	0
Tryggingamiðstöðin hf.	4	5
N1 hf.	1	1
	909	953

9. Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum

Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum greinast þannig:	30.06.2014	31.12.2013
Arion banki hf.	166	161
	166	161

Peningamarkaðsinnlán eru reiknuð upp með áföllnum vöxtum miðað við 30. júní 2014.

10. Viðskipti við tengd félög janúar - júní 2014

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf.	54	(378)	427	(58)
Verðbréfasjóðir Íslandssjóða	400	0	68	0
Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða	130	0	21	0
Fagfjárfestingarsjóðir Íslandssjóða	63	0	71	0
Glitnir hf.	0	0	0	(187)
	647	(378)	587	(245)

11. Aðrar skuldir

	30.06.2014	31.12.2013
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða	82	64
Ógreiddur kostnaður og þóknanir	3	5
Ógreidd laun og launatengd gjöld	47	31
	132	100

12. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2013	25	6	1.894	1.925
Greiddur arður 2013			(193)	(193)
Hagnaður ársins			299	299
Eigið fé 31.12.2013	25	6	2.000	2.031
Greiddur arður 2014			(224)	(224)
Hagnaður tímabilsins			25	25
Eigið fé 30.06.2014	25	6	1.801	1.832

13. Eiginfjárlutfall

Íslandssjóðir hf. nota staðalaðferð (e. standardised approach) til að reikna eiginfjárpörf sína vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu. Eigið fé í lok tímabilsins er 1.832 milljónir kr. eða 76% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 209,6%, en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið sundurliðast þannig:

	30.06.2014	31.12.2013
Eiginfjárpáttur	1.832	2.031
Áhættugrunnur		
Vegna útlánaáhættu	747	797
Vegna markaðsáhættu	127	165
Vegna rekstraráhættu	0	0
	874	961
Áhættugrunnur vegna fasts rekstrarkostnaðar	267	244
Eiginfjárlutfall	209,6%	211,3%

14. Tekjuskattsinneign

	Inneign / (skuldbinding)
Staða 1.1.2013	(2)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2013	(75)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014	77
Staða 1.1.2014	0
Reiknaður tekjuskattur vegna janúar til júní 2014	(6)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2015	7
Staða 30.06.2014	1

Tekjuskattsinneign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	30.06.2014	31.12.2013
Gengismunur	1	0
	1	0

15. Eignastýring

Eignir í eignastýringu hjá Íslandssjóðum hf. voru samtals 126,6 milljarðar króna 30. júní 2014.

16. Ábyrgðir vegna nýrra sjóða

Í tengslum við rekstur framtakssjóða hafa Íslandssjóðir gert samning við lögmannsstofu um eignarhald á ábyrgðaraðila samlagshlutafélaga. Hafa Íslandssjóðir ábyrgst skaðleysi af kostnaði, sköttum og opinberum gjöldum vegna starfseminnar.

17. Málshöfðun

Klakki ehf. (áður Exista hf.) hefur höfðað mál gegn Íslandssjóðum til greiðslu kröfu að fjárhæð um 2 milljarða króna auk dráttarvaxta vegna meintrar kröfu um ógreiðslu til Sjóðs 9 í október 2008. Er málshöfðunin byggð á því að greitt hafi verið af skuld við sjóðinn umfram meint samkomulag um greiðslu hluta skuldarinnar. Sambærilegt mál er rekið gegn Glitni hf. og er mál þetta höfðað gegn Íslandssjóðum hf. til vara, ef Glitnir hf. verður ekki talinn vera réttur mótaðili í málinu. Íslandssjóðir hf. hafa tekið til varna og mótmæla öllum kröfum stefnanda enda telur félagið þær ekki á rökum reistar. Málið er nú rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



ÍSLANDSSJÓÐIR



Verðbréfasjóðir

Árshlutareikningur

30. júní 2014

Íslandssjóðir hf.
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík
kt. 690694-2719

Rekstrarreikningur verðbréfasjóða janúar - júní 2014

	2014 1.1.-30.6.	2013 1.1.-30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vextir, verðbætur og arður	2.893	3.115
Gengismunur	(2.899)	342
Vaxtagjöld	(42)	(52)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals	(48)	3.405
Rekstrargjöld		
Umsýsluþóknun	401	428
Annar rekstrarkostnaður	25	32
Rekstrargjöld samtals	426	460
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	(474)	2.945

Sundurliðun á rekstrarreikningi er í sérgreindri sundurliðun á bls. 22 til 23.

Efnahagsreikningur verðbréfasjóða 30. júní 2014

Eignir	30.6.2014	31.12.2013
Fjárfestingar		
Verðbréf með föstum tekjum	75.454	84.355
Hlutabréf	2.153	2.283
Hlutdeildarskírteini	1.779	1.734
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	9.674	6.199
Fjárfestingar samtals	89.060	94.571
Aðrar eignir		
Handbært fé	3.372	4.702
Aðrar eignir	136	48
Aðrar eignir samtals	3.508	4.750
Eignir samtals	92.568	99.321
Skuldir		
Hlutdeildarskírteini	92.010	99.018
Aðrar skuldir		
Skuldir við tengd félög	326	88
Aðrar skuldir	232	215
Aðrar skuldir samtals	558	303
Skuldir samtals	92.568	99.321

Sundurliðun á efnahagsreikningi er í sérgreindri sundurliðun á bls. 24 til 28.

Yfirlit um breytingar á hreinni eign janúar - júní 2014

	2014 1.1.-30.6.	2013 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	(474)	2.945
Fjármögnunarhreyfingar		
Seld hlutdeildarskírteini	7.113	5.351
Innleyst hlutdeildarskírteini	(12.887)	(12.851)
Útgreiðsla úr sjóðum í slitameðferð	(760)	(485)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(6.534)	(7.985)
Breyting á hreinni eign	(7.008)	(5.040)
Hrein eign í byrjun árs	99.018	104.057
Hrein eign í lok tímabils	92.010	99.017

Sundurliðun á yfirliti um breytingar á hreinni eign er í sérgreindri sundurliðun á bls. 29 til 30.

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Rekstur verðbréfasjóða

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Í rekstri	Í slitaferli	Samtals
Vextir, verðbætur og arður	2.880	13	2.893
Gengismunur	(3.052)	153	(2.899)
Vaxtagjöld	(42)	(0)	(42)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(214)	166	(48)
Rekstrargjöld			
Umsýslubóknun	389	12	401
Annar rekstrarkostnaður	25	0	25
Rekstrargjöld alls	414	12	426
Hagnaður (tap) tímabilsins	(628)	154	(474)

Rekstur verðbréfasjóða í rekstri

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Ríkis- skuldabréf Sjóður 5	Úrvals- vísitala Sjóður 6	Löng ríkissk.br. Sjóður 7
Vextir, verðbætur og arður	1.092	12	945
Gengismunur	(1.278)	(45)	(1.231)
Vaxtagjöld	(13)	(0)	(14)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(199)	(33)	(300)
Rekstrargjöld			
Umsýslubóknun	151	2	162
Annar rekstrarkostnaður	9	0	10
Rekstrargjöld alls	160	2	172
Hagnaður (tap) tímabilsins	(359)	(35)	(472)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Heimssafn Sjóður 12	Ríkissafn	Veltusafn
Vextir, verðbætur og arður	7	606	186
Gengismunur	17	(397)	(80)
Vaxtagjöld	(0)	(12)	(2)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	24	197	104
Rekstrargjöld			
Umsýslubóknun	7	54	8
Annar rekstrarkostnaður	0	4	1
Rekstrargjöld alls	7	58	9
Hagnaður (tap) tímabilsins	17	139	95

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Rekstur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Eignasafn -		Samtals sjóðir í rekstri
	Eignasafn	Ríki og sjóðir	
Vextir, verðbætur og arður	21	11	2.880
Gengismunur	(26)	(13)	(3.052)
Vaxtagjöld	(0)	(0)	(42)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(5)	(2)	(214)
Rekstrargjöld			
Umsýsluþóknun	3	2	389
Annar rekstrarkostnaður	0	0	25
Rekstrargjöld alls	3	2	414
Hagnaður (tap) tímabilsins	(8)	(4)	(628)

Rekstur verðbréfasjóða í slitaferli

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Sjóður				Samtals í slitaferli
	1A	1B	11A	11B	
Vextir, verðbætur og arður	4	7	1	1	13
Gengismunur	52	80	7	14	153
Vaxtagjöld	(0)	(0)	(0)	(0)	(0)
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	56	87	8	15	166
Rekstrargjöld					
Umsýsluþóknun	4	6	1	1	12
Annar rekstrarkostnaður	0	0	0	0	0
Rekstrargjöld alls	4	6	1	1	12
Hagnaður (tap) tímabilsins	52	81	7	14	154

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða

Eignir	Í rekstri	Í slitaferli	Samtals
Fjárfestingar			
Verðbréf með föstum tekjum	75.079	375	75.454
Hlutabréf	517	1.636	2.153
Hlutdeildarskírteini	1.779	0	1.779
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	9.674	0	9.674
Fjárfestingar samtals	87.049	2.011	89.060
Aðrar eignir			
Handbært fé	3.125	247	3.372
Aðrar eignir	132	4	136
Aðrar eignir samtals	3.257	251	3.508
Eignir samtals	90.306	2.262	92.568
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	89.951	2.059	92.010
Aðrar skuldir			
Skuldir við tengd félög	324	2	326
Aðrar skuldir	31	201	232
Aðrar skuldir samtals	355	203	558
Skuldir samtals	90.306	2.262	92.568

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri

Eignir	Ríkis- skuldabréf Sjóður 5*	Úrvals- vísitala Sjóður 6	Löng ríkissk.br. Sjóður 7
Fjárfestingar			
Verðbréf með föstum tekjum	30.287	0	33.321
Hlutabréf	0	372	0
Hlutdeildarskírteini	0	0	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	1.538	0	0
Fjárfestingar samtals	31.825	372	33.321
Aðrar eignir			
Handbært fé	791	3	1.328
Aðrar eignir	59	0	59
Aðrar eignir samtals	850	3	1.387
Eignir samtals	32.675	375	34.708
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	32.537	375	34.584
Aðrar skuldir			
Skuldir við tengd félög	125	0	117
Aðrar skuldir	13	0	7
Aðrar skuldir samtals	138	0	124
Skuldir samtals	32.675	375	34.708
Flokkur A:			
Hrein eign	32.537	375	34.584
Fjöldi eininga, í þúsundum	*	236	7.445
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	*	1.591	4.646
* Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 samanstendur af:	Fjöldi eininga	Gengi	Hrein eign
Ríkisskuldabréf Sjóður 5	3.417.846	9.126	31.192
Ríkisskuldabréf Sjóður 5 - SVSKAC (áður Lengri skbr.sj.)	38.699	34.761	1.345
Samtals hrein eign sjóðs			32.537

Í september 2013 var Lengri skuldabréfasjóðurinn sameinaður sjóðnum Ríkisskuldabréf - Sjóður 5.

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

Eignir	Heimssafn Sjóður 12*	Ríkissafn - Skuldabréf og innlán	Veltusafn
Fjárfestingar			
Verðbréf með föstum tekjum	0	8.997	1.773
Hlutabréf	27	0	0
Hlutdeildarskírteini	932	0	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	6.199	1.937
Fjárfestingar samtals	959	15.196	3.710
Aðrar eignir			
Handbært fé	29	710	199
Aðrar eignir	1	3	4
Aðrar eignir samtals	30	713	203
Eignir samtals	989	15.909	3.913
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	987	15.895	3.842
Aðrar skuldir			
Skuldir við tengd félög	2	13	62
Aðrar skuldir	0	1	9
Aðrar skuldir samtals	2	14	71
Skuldir samtals	989	15.909	3.913
Flokkur A:			
Hrein eign	987	15.895	3.842
Fjöldi eininga, í þúsundum	*	11.162	2.993
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	*	1.424	1.284
* Heimssafn - Sjóður 12 samanstendur af:			
	<u>Fjöldi eininga</u>	<u>Gengi</u>	<u>Hrein eign</u>
Heimssafn Sjóður 12 - HEIMS	371.022	2.105	781
Heimssafn Sjóður 12 - SVALAC (áður Alþjóða virðissjóður)	5.234	24.746	130
Heimssafn Sjóður 12 - SVVAAC (áður Alþjóða vaxtasjóður)	2.934	26.001	76
Samtals hrein eign sjóðs			987

Í nóvember 2013 voru Alþjóða virðissjóðurinn og Alþjóða vaxtasjóðurinn sameinaðir sjóðnum Heimssafn - Sjóður 12.

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

Eignir	Eignasafn	Eignasafn -		Samtals sjóðir í rekstri
		Ríki	og sjóðir	
Fjárfestingar				
Verðbréf með föstum tekjum	363	338		75.079
Hlutabréf	118	0		517
Hlutdeildarskírteini	504	344		1.779
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0		9.674
Fjárfestingar samtals	985	682		87.049
Aðrar eignir				
Handbært fé	55	10		3.125
Aðrar eignir	4	0		132
Aðrar eignir samtals	59	10		3.257
Eignir samtals	1.044	692		90.306
Skuldir				
Hlutdeildarskírteini	1.039	692		89.951
Aðrar skuldir				
Skuldir við tengd félög	5	0		324
Aðrar skuldir	0	0		31
Aðrar skuldir samtals	5	0		355
Skuldir samtals	1.044	692		90.306
Flokkur A:				
Hrein eign	1.039	692		89.951
Fjöldi eininga, í þúsundum	686	615		
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	1.513	1.124		

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Efnahagur verðbréfasjóða í slitaferli

Eignir	Sjóður 1A	Sjóður 1B*	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals sjóðir í slitaferli
Fjárfestingar					
Verðbréf með föstum tekjum	134	207	12	22	375
Hlutabréf	534	828	96	178	1.636
Hlutdeildarskírteini	0	0	0	0	0
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	0	0	0	0	0
Fjárfestingar samtals	668	1.035	108	200	2.011
Aðrar eignir					
Handbært fé	94	146	2	5	247
Aðrar eignir	2	2	0	0	4
Aðrar eignir samtals	96	148	2	5	251
Eignir samtals	764	1.183	110	205	2.262
Skuldir					
Hlutdeildarskírteini	684	1.060	110	205	2.059
Aðrar skuldir					
Skuldir við tengd félög	1	1	0	0	2
Aðrar skuldir	79	122	0	0	201
Aðrar skuldir samtals	80	123	0	0	203
Skuldir samtals	764	1.183	110	205	2.262
Flokkur A:					
Hrein eign	684	1.060	110	205	2.059
Fjöldi eininga, í þúsundum	32	*	18	41	
Gengi sjóðsbréfa lok tímabils	21.625	*	6.092	5.017	

*Sjóður 1B samanstendur af:

	Fjöldi eininga	Gengi	Hrein eign
Sjóður 1B, skuldabréf	60.825	17.210	1.047
Sjóðsbréf 111	189	17.210	3
Sjóðsbréf 3	36	11.853	0
Sjóðsbréf 4	77	8.154	1
Vaxtabréf	493.603	12,13	6
Valbréf	241.212	11,37	3
Samtals hrein eign sjóðs			1.060

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða

	Í rekstri	Í slitaferli	Samtals
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	(628)	154	(474)
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini	7.113	0	7.113
Innleyst hlutdeildarskírteini	(12.887)	0	(12.887)
Útgreiðslur úr slitasjóðum	0	(760)	(760)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(5.774)	(760)	(6.534)
Breyting á hreinni eign	(6.402)	(606)	(7.008)
Hrein eign í upphafi árs	96.353	2.665	99.018
Hrein eign í lok tímabils	89.951	2.059	92.010

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í rekstri

	Ríkis- skuldabréf Sjóður 5	Úrvals- vísitala Sjóður 6	Löng ríkisskbr. Sjóður 7
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	(359)	(35)	(472)
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini	586	9	586
Innleyst hlutdeildarskírteini	(2.803)	(123)	(3.876)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(2.217)	(114)	(3.290)
Breyting á hreinni eign	(2.576)	(149)	(3.762)
Hrein eign í upphafi árs	35.113	525	38.346
Hrein eign í lok tímabils	32.537	375	34.584
	Heimssafn Sjóður 12	Ríkissafn	Veltusafn
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	17	139	95
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini	0	1.222	4.492
Innleyst hlutdeildarskírteini	(23)	(1.247)	(4.638)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(23)	(25)	(146)
Breyting á hreinni eign	(6)	114	(51)
Hrein eign í upphafi árs	993	15.781	3.893
Hrein eign í lok tímabils	987	15.895	3.842

Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

	<u>Eignasafn</u>	<u>Eignasafn - Ríki og sjóðir</u>	Samtals sjóðir í rekstri
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	(8)	(4)	(628)
Fjármögnunarhreyfingar			
Seld hlutdeildarskírteini	211	7	7.113
Innleyst hlutdeildarskírteini	(135)	(42)	(12.887)
Fjármögnunarhreyfingar alls	76	(35)	(5.774)
Breyting á hreinni eign	68	(39)	(6.402)
Hrein eign í upphafi árs	971	731	96.353
Hrein eign í lok tímabils	1.039	692	89.951

Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í slitiferli

	<u>Sjóður 1A</u>	<u>Sjóður 1B</u>	<u>Sjóður 11A</u>	<u>Sjóður 11B</u>	Samtals sjóðir í slitiferli
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	52	81	7	14	154
Fjármögnunarhreyfingar					
Útgreiðslur	(242)	(374)	(50)	(94)	(760)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(242)	(374)	(50)	(94)	(760)
Breyting á hreinni eign	(190)	(293)	(43)	(80)	(606)
Hrein eign í upphafi árs	874	1.353	153	285	2.665
Hrein eign í lok tímabils	684	1.060	110	205	2.059

1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði nr. 128/2011.

Árshlutareikningur Íslandssjóða skiptist í A-hluta og B-hluta. A-hlutinn fjallar um rekstur félagsins sjálfs en B-hlutinn fjallar um sjóði í rekstri Íslandssjóða. Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir tilheyra B-hluta og hafa heimild til að gefa út hlutdeildarskírteini gegn viðtöku fjár frá almenningi, til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum eftir ákveðinni fjárfestingarstefnu.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur verðbréfasjóða Íslandssjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Verðbréfasjóðir Íslandssjóða eru hluti af Íslandssjóðum hf. sem er dótturfélag Íslandsbanka hf. Vegna eðlis starfsemi sjóðanna er árshlutareikningur þeirra ekki hluti af árshlutareikningi bankans.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Umsýsluþóknunir

Sjóðirnir greiða Íslandssjóðum hf. umsýsluþóknun sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna félagsins, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem hér greinir:

	Almenn kjör Flokkur A	Sérkjör Flokkur B
Sjóður 1 A og B, skuldabréf	1,0%	0,5%
Ríkisskuldabréf - Sjóður 5	0,9%	0,4%
Úrvalsvísitala - Sjóður 6	0,8%	0,5%
Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7	0,9%	0,4%
Sjóður 11 A og B, fyrirtækjabréf	0,8%	0,4%
Heimssafn - Sjóður 12	1,5%	1,5%
Ríkissafn	0,7%	0,4%
Eignasafn	0,5%	0,5%
Veltusafn	0,4%	-
Eignasafn - Ríki og sjóðir	0,5%	0,5%

Til viðbótar framangreindri þóknun greiða sjóðirnir hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði rekstrarfélagsins og sjóðanna.

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi tímabilsins		Lokagengi	
	1.1.-30.6. 2014	1.1.-30.6. 2013	30.6.2014	31.12.2013
Evra (EUR)	155,76	162,96	153,64	158,06
Bandaríkjadalur (USD)	113,64	123,99	112,59	114,76

Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn miðað við virka vexti.

Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

Fjárfestingar

Verðbréf með föstum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2014. Virði annarra verðbréfa með föstum tekjum er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabilsins.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2014. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gildi í lok júní 2014.

Innlán hjá fjármálafyrirtækjum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní 2014.

Þar sem óvissa ríkir um endurheimtuvirði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags, byggir verðmat á eignum slitasjóðanna á varfænum forsendum um endurheimtur.

Skattamál

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri

Ríkisskuldabréf - Sjóður 5

	Markaðsverð	Hlutfall af hreinni eign
Íbúðabréf	17.442	53,6%
Verðtryggð ríkisbréf	6.901	21,2%
Ríkisbréf og víxlar	5.944	18,3%
Arion banki hf. - innlán	1.538	4,7%
Heildarverðmæti fjárfestinga	31.825	97,8%
Handbært fé	791	2,4%
Aðrar eignir	59	0,2%
Aðrar skammtímaskuldir	(138)	(0,4%)
Hrein eign samtals	32.537	100,0%
Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs		0,4%

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Úrvalsvísitala - Sjóður 6

	Markaðsverð	Hlutfall af hreinni eign
Icelandair Group hf.	115	30,7%
Hagar hf.	71	18,9%
Eimskipafélag Íslands hf.	55	14,6%
Marel hf.	49	13,2%
Tryggingamiðstöðin hf.	46	12,2%
Vátryggingafélag Íslands hf.	36	9,7%
Heildarverðmæti fjárfestinga	372	99,3%
Handbært fé	3	0,7%
Aðrar eignir	0	0,1%
Aðrar skammtímaskuldir	(0)	(0,1%)
Hrein eign samtals	375	100,0%
Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs		0,1%

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvísitala NASDAQ OMX Iceland með vægisþaki (OMX16 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7

	Markaðsverð	Hlutfall af hreinni eign
Íbúðabréf	24.288	70,2%
Verðtryggð ríkisbréf	7.766	22,5%
Ríkisbréf og víxlar	1.267	3,7%
Heildarverðmæti fjárfestinga	33.321	96,4%
Handbært fé	1.328	3,8%
Aðrar eignir	59	0,2%
Aðrar skammtímaskuldir	(124)	(0,4%)
Hrein eign samtals	34.584	100,0%
Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs		0,4%

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í íbúðabréfum og húsbúðabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs, öðrum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Heimssafn - Sjóður 12

	Markaðsverð	Hlutfall af hreinni eign
Vanguard Global Enhanced Equity Fund	179	18,1%
Vanguard Global Stock Index Fund	174	17,7%
Skagen Global Fund	170	17,2%
Sparinvest Global Value Fund I	149	15,1%
Kauphallarsjóðir	101	10,2%
Henderson SICAV Global Focus Fund	99	10,0%
Vanguard US500 Stock Index Fund	60	6,1%
Erlend hlutabréf	27	2,7%
Heildarverðmæti fjárfestinga	959	97,1%
Handbært fé	29	3,0%
Aðrar eignir	1	0,1%
Aðrar skammtímaskuldir	(2)	(0,2%)
Hrein eign samtals	987	100,0%
Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs		0,2%

Heimssafnið er sjóðasjóður sem hefur það að markmiði að skila fjárfestum langtímahækkun eigna með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum erlendum hlutabréfum og er stefnt að því að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala Morgan Stanley Capital International. Á meðan reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál heimila ekki fjárfestingar í fjármálagerningum í erlendri mynt geta fjárfestar eingöngu fjárfest í fjármálagerningum í erlendri mynt ef um endurfjárfestingu er að ræða. Því er ekki hægt að kaupa hlutdeildarskírteini í Heimssafninu á meðan núgildandi reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál eru í gildi.

3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri (framhald)

Ríkissafn		
Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana	Markaðsverð	Hlutfall af hreinni eign
Ríkisbréf og víxlar	6.358	40,0%
Íbúðabréf	1.491	9,4%
Arion banki hf. - innlán	2.843	17,9%
Íslandsbanki hf. - innlán	2.000	12,6%
Landsbankinn hf. - innlán	1.356	8,5%
Verðtryggð ríkisbréf	1.085	6,8%
Húsnæðisbréf	62	0,4%
Heildarverðmæti fjárfestinga	15.195	95,6%
Handbært fé	710	4,5%
Aðrar eignir	4	0,0%
Aðrar skammtímaskuldir	(14)	(0,1%)
Hrein eign samtals	15.895	100,0%
Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs		0,1%

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum ríkisskuldabréfum og innlánnum fjármálafyrirtækja.

Veltusafn		
Innlán fjármálastofnana, ríkisbréf og víxlar	Markaðsverð	Hlutfall af hreinni eign
Ríkisbréf og víxlar	1.399	36,4%
Arion banki hf. - innlán	733	19,1%
Landsbankinn hf. - innlán	702	18,3%
Skuldabréf fjármálafyrirtækja	293	7,6%
MP banki hf. - innlán	200	5,2%
Straumur fjárfestingarbanki hf. - innlán	152	4,0%
Íslandsbanki hf. - innlán	150	3,9%
Víxlar fjármálafyrirtækja	79	2,0%
Verðtryggð ríkisbréf	2	0,1%
